

Sæll Kristófer
Gleðilega páska.

Síðastliðið sumar var um tíma ófremdarástand í kaldavatnsmálum á allmörgum bæjum hér í sveit svo vikum skipti.

Í sumar hyggjumst við að gera bragarbót á, setja mun stærri miðlunartank og leita frekari fanga eftir vatni. Þetta er töluverð framkvæmd fyrir einyrkja, þ.a.l. ætlum við að sækja um styrk til MAST. Við sóttum um styrk með tilheyrandi gagnasöfnun en eitt vantar, það er staðfestingu frá sveitarfélagi um að þörf sé á slíkri framkvæmd. Eins og mig rekur minni til ert þú með stál minni og treysti ég því að þú komist að sambærilegri niðurstöðu og við.

Með góðri kveðju

Úlfhéðinn og Þóra Haga 2

----- Forwarded message -----

Frá: **Tinna Dögg Guðlaugsdóttir** <tinna.gudlaugsdottir@mast.is>

Date: mán., 6. apr. 2020 kl. 11:38

Subject: Vegna umsóknar um vatnsveitustyrk 2020 - vantar gögn

To: ullisig@gmail.com <ullisig@gmail.com>

Góðan dag.

Ég undirrituð sé um vatnsveitustyrki fyrir árið 2020 fyrir Matvælastofnun.

Ég er að fara yfir umsókn þína og sé það vantar að fá staðfestingu frá viðkomandi sveitafélagi vegna þarfa á vatnsveitu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar (sjá í viðhengi). Umbeðin gögn óskast eigi síður en 23. apríl nk.

Bestu kveðjur, / Best regards,

Tinna Dögg Guðlaugsdóttir